# SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE

SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SÖLU- OG SMÁSÖLU-
DREIFINGAR

**Alþingi**
**Erindi nr. Þ** 128/1103
**komudagur** 19.2.2003

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19.02.2003
Tilv. 02.109
GÁS/gás

Visað er til erindis hæstvirtrar umhverfisnefndar, dags. 6. þ.m., þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum, 543. mál.

Samtökin telja að verði frumvarpið að lögum muni það óhjákvæmilega leiða til hækkunar verðlags drykkjarvara og geta þarf að leiðandi ekki mælt með því að það verði samþykkt.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja rekstrargrundvöll Endurvinnslunnar hf. vegna móttöku á drykkjarvöruumbúðum Ekki kemur hins vegar fram hvort aðrar leiðir en hækkun umsýsluþóknunar hafi verið færar til að tryggja viðunandi rekstur svo sem hagræðing.

Að lokum lýsa samtökin sig reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst

Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.